

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 4. nóvember 2022.

Mál nr. 414/2021:

A ehf.

(Jón Rúnar Pálsson lögmaður)

gegn

B

(Guðmundur B. Ólafsson lögmaður)

Lykilorð

Ráðningarsamningur. Uppsögn. Kjarasamningur. Túlkun samnings. Veikindaforföll. Veikindalaun.

Útdráttur

Í byrjun árs 2020 óskaði B eftir tveggja mánaða leyfi frá störfum fyrir A ehf. vegna brjóstnámsaðgerðar sem B hugðist gangast undir. Degi áður en umbeðið leyfi skyldi hefjast var B sagt upp störfum hjá A ehf. Við uppsögnina tilkynnti A ehf. að fallist væri á beiðni B um leyfi, þó þannig að það yrði launalaust. Þá var óskað eftir því að B ynni út þriggja mánaða uppsagnarfrest. B sneri ekki aftur til starfa hjá A ehf. og höfðaði mál gegn félaginu til greiðslu launa í veikindaforföllum á grundvelli laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla sem og kjarasamnings sem gildi á milli aðila. Deila aðila sneri helst að því hvort kynmisræmi hafi verið sjúkdómur í skilningi laga og bókunar við fyrrgreindan kjarasamning er B gekkst undir aðgerðina sem um ræðir. Í dómi Landsréttar var rakið að frá og með gildistöku laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði hafi í íslenskum rétti verið horfið frá því að skilgreina kynmisræmi sem sjúkdóm. Því væri ekki unnt að fallast á að B hafi, sem trans einstaklingur, verið haldinn sjúkdómi er hann gekkst undir brjóstnámsaðgerðina. Af því leiddi að ekki væri unnt að líta svo á að aðgerðin hafi leitt af sjúkdómi svo að B ætti rétt á launum í veikindaforföllum. Var A ehf. því sýknað af kröfum B.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómarnir Eiríkur Jónsson, Ragnheiður Harðardóttir og Þorgeir Ingi Njálsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 23. júní 2021 að fengnu áfrýjunarleyfi. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 2021 í málinu nr. E-[...]/2020.

- 2 Áfrýjandi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnda en til vara að kröfur stefnda verði lækkaðar verulega. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti en að því frágengnu að málskostnaður verði látinn falla niður á báðum dómstigum.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.

Málsatvik og ágreiningsefni

- 4 Stefndi var ráðinn í verslun áfrýjanda í ágústmánuði 2015 og starfaði þar í hlutastarfi til ársins 2020. Um miðjan janúar það ár óskaði stefndi eftir tveggja mánaða leyfi frá störfum, það er í febrúar og mars. Tilefni þess var að honum hafði verið ákveðinn tími til að gangast undir brjóstnámsaðgerð hjá lýtalækni 4. febrúar en stefndi, sem er transkarl, var á þessum tíma að gangast undir meðferð til breytingar á kyneinkennum.
- 5 Stefnda var sagt upp störfum hjá áfrýjanda með bréfi dagsettu 30. janúar 2020, degi áður en umbeðið leyfi skyldi hefjast. Í bréfinu kom fram að óskað væri eftir því að stefndi ynni út þriggja mánaða uppsagnarfrest, það er til 30. apríl. Þá var tekið fram að fallist hefði verið á beiðni hans um tveggja mánaða leyfi, þó þannig að það yrði launalaust. Loks sagði að gert væri ráð fyrir því að hann sneri aftur til starfa í byrjun apríl og ynni út þann mánuð til loka uppsagnarfrestsins.
- 6 Stefndi skilaði áfrýjanda vottorði C lýtalæknis, dagsettu 10. febrúar 2020, þar sem fram kom að hann teldist óvinnufær með öllu frá 4. febrúar til 4. apríl. Hann sneri ekki aftur til starfa hjá áfrýjanda að tveggja mánaða leyfinu loknu. Hann krefst í máli þessu launa í veikindaförföllum í tvo mánuði í samræmi við veikindarétt sem hann hafi áunnið sér á grundvelli kjarasamnings Samtaka atvinnulífsins við Verslunarmannafélag Reykjavíkur og Landssamband íslenskra verslunarmanna, sem gildi á milli aðila.
- 7 Stefndi reisir kröfu sína um laun í veikindaförföllum á 8. gr. laga nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla, grein 8.2.2 í kjarasamningi og bókun 2000 við kjarasamninginn um óvinnufærni vegna veikinda. Bókunin er svohljóðandi:

Aðilar eru sammála um að auk veikinda og slysatilvika verði veikindaréttur skv. samningi þessum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt er að leiði til óvinnufærni.

Ofangreind skilgreining felur ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hefur verið túlkað af dómstólum. [...]

- 8 Áfrýjandi hafnar því að stefndi hafi verið haldinn sjúkdómi í skilningi framangreindrar bókunar er hann gekkst undir aðgerðina sem um ræðir. Þá hafi stefndi hvorki verið óvinnufær í aðdraganda aðgerðarinnar né hafi hún verið aðkallandi eða nauðsynleg eins og áskilið er í bókuninni.
- 9 Með hinum áfrýjaða dómi var fallist á kröfu stefnda um greiðslu launa í veikindaförföllum úr hendi áfrýjanda. Var niðurstaða héraðsdóms á því reist að stefndi

hefði verið haldinn sjúkdómi í aðdraganda aðgerðarinnar sem hann gekkst undir. Um væri að ræða sjúkdóminn „transsexualismus“ sem félli undir tiltekna sjúkdómsgreiningu samkvæmt greiningarkerfi sjúkdóma hér á landi. Af forsendum héraðsdóms verður ráðið að litið hafi verið svo á að ákvæði laga nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði, sem tóku gildi 6. júlí 2019, breyttu ekki þessari niðurstöðu.

Niðurstaða

- 10 Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms er staðfest sú niðurstaða hans að málsástæða stefnda, sem byggð er á framangreindri bókun 2000 við kjarasamning sem gildi milli aðila, rúmist innan þess málalíbúnaðar sem hann markaði í stefnu og komi hún því til úrlausnar dómsins. Kemur þá næst til skoðunar hvort stefndi teljist, sem trans einstaklingur, hafa á þeim tíma sem um ræðir verið haldinn sjúkdómi í skilningi kjarasamningsins og framangreindrar bókunar við hann.
- 11 Í málinu liggur fyrir vottorð D geðlæknis, sem kom að meðferð stefnda á vegum transteymis Landspítala. Í vottorði læknisins og skýrslu hans fyrir héraðsdómi kom fram að stefndi hefði við þá meðferð fengið sjúkdómsgreininguna „transsexualismus“ sem falli undir læknisfræðilega greiningarviðmiðið F64.0. Sama kom fram í vætti C lýtalæknis fyrir héraðsdómi og lýsti hann því jafnframt að það hefði verið „sjúkdómurinn kynáttunarvandi“ sem valdið hafi óvinnufærni stefnda sem vísað var til í læknisvottorði hans.
- 12 Framangreind sjúkdómsgreining er byggð á Alþjóðlegu flokkunarkerfi sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála (e. International Classification of Diseases and Related Conditions – ICD), sem notað er við skráningu sjúkraskrárupplýsinga í íslenskri heilbrigðisþjónustu. Flokkunarkerfið er gefið út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og er það uppfært reglulega. Samkvæmt upplýsingum embættis landlæknis, sem liggja fyrir í málinu, er hér á landi nú stuðst við útgáfu kerfisins ICD 10 frá árinu 2017. Þó liggur fyrir að ný útgáfa, ICD 11, var gefin út af Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni 18. júní 2018 og öðlaðist hún gildi 1. janúar á þessu ári.
- 13 Svo sem að framan greinir tóku lög nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði gildi 6. júlí 2019. Samkvæmt 1. gr. laganna er markmið þeirra að kveða á um rétt einstaklinga til þess að skilgreina kyn sitt og miða þannig að því að tryggja að kynvitund þeirra njóti viðurkenningar. Lögin leystu af hólmi lög nr. 57/2012 um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Samkvæmt þeim lögum var það skilyrði þess að einstaklingur gæti fengið skráð breytingu á kyni í þjóðskrá að viðkomandi hefði hlotið sjúkdómsgreiningu og viðurkennda meðferð hjá teymi Landspítala.
- 14 Með lögum nr. 80/2019 voru þessi skilyrði felld á brott. Samkvæmt 3. og 4. gr. laganna hefur sérhver einstaklingur rétt til að skilgreina kyn sitt og, hafi viðkomandi náð 15 ára aldri, rétt til að breyta opinberri skráningu kyns. Í athugasemdum í greinargerð með því frumvarpi sem varð að lögunum kom fram að í lögum nr. 57/2012 hafi verið gengið út frá þeirri forsendu að „transsexúalism“ væri skilgreindur sem

geðsjúkdómur í samræmi við ICD flokkunarkerfið. Með nýrri útgáfu flokkunarkerfisins, ICD 11, hafi orðið sú breyting að heitið kynáttunarvandi (e. gender identity disorder), sem notað hafði verið í eldri útgáfu, ICD 10, hafi verið fellt út en heitið kynmisræmi (e. gender incongruance) tekið upp í þess stað. Jafnframt hafi greiningin verið flutt úr kafla um geðsjúkdóma í kafla um kynheilsu (e. conditions related to sexual health). Í frumvarpinu segir jafnframt að því sé ætlað að fylgja eftir þróun sem hafi átt sér stað víða um lönd í þá veru að horfið sé frá því að skilgreina trans og intersex fólk sem sjúklinga sem þurfi atbeina heilbrigðisstarfsfólks til að ráða fram úr kynvitund sinni og fólki þess í stað látið eftir að skilgreina kyn sitt sjálft og stýra því hvernig það er skráð opinberlega.

- 15 Samkvæmt framangreindu hefur frá og með miðju ári 2019 verið horfið frá því í íslenskum rétti að skilgreina kynmisræmi sem sjúkdóm. Ekki er því unnt að fallast á að stefndi hafi, sem trans einstaklingur, verið haldinn sjúkdómi er hann gekkst undir brjóstnámsaðgerð í febrúar 2020. Af því leiðir að ekki er unnt að líta svo á að aðgerðin hafi leitt af sjúkdómi svo að stefndi eigi rétt á launum í veikindaforföllum samkvæmt ákvæðum laga nr. 19/1979, kjarasamnings sem gildi á milli aðila og bókonar 2000 við kjarasamninginn. Er því óhjákvæmilegt að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.
- 16 Rétt þykir að málskostnaður milli aðila falli niður á báðum dómstigum.

Dómsorð:

Áfrýjandi, A ehf., er sýkn af kröfum stefnda, B.

Málskostnaður í héraði og fyrir Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 10. maí 2021.

Mál þetta, sem var dómtekið 13. apríl sl., var höfðað 22. september 2020.

Stefnandi er B, [...] í Hafnarfirði.

Stefndi er A ehf., [...] í Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða stefnanda 479.368 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. mars 2020 af 217.558 krónum til 1. apríl 2020 og frá þeim degi af 479.368 krónum til greiðsludags. Þess er einnig krafist að dæmt verði að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. mars 2021, en síðan árlega þann dag. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar en til vara verulegrar lækkunar á kröfum stefnanda sem og að málskostnaður verði dæmdur stefnda að skaðlausu eða hann felldur niður.

I

Stefndi réð stefnanda í hlutastarf í verslun sinni í ágúst 2015. Þar starfaði stefnandi fram til þess að honum var sagt upp störfum með bréfi 30. janúar 2020. Var uppsögnin rökstudd með vísan til samdráttar og bágrar frammistöðu stefnanda. Óskað var eftir því við stefnanda að hann ynni út uppsagnarfrest. Í bréfinu kemur einnig fram að stefnandi hafi um miðjan janúar 2020 óskað eftir tveggja mánaða leyfi, þ.e. í febrúar og

mars 2020, og stefndi fallist á þá beiðni, en þó þannig að um launalaust leyfi verði að ræða. Óskað sé því eftir því að stefnandi snúi aftur til starfa í byrjun apríl og vinni þá þann mánuð til að ljúka störfum sínum hjá stefnda.

Stefnandi byggir á því að hann hafi orðið óvinnufær 4. febrúar 2020 og hafi það ástand varað til 4. apríl sama ár. Stefnda hafi borið að greiða stefnanda laun á því tímabili. Stefndi mótmælir því aftur á móti að stefnandi teljist hafa verið óvinnufær vegna sjúkdóms í skilningi laga og gildandi kjarasamninga á umræddu tímabili, eins og nánar er rakið hér á eftir.

Í málinu liggur fyrir vottorð C lýtalæknis, dags. 10. febrúar 2020. Fram kemur að stefnandi teljist óvinnufær með öllu frá 4. febrúar 2020 til 4. apríl sama ár. Í vottorðinu greinir einnig að það sé byggt á skoðun 4. febrúar 2020. Loks segir að sé óskað nánari upplýsinga skuli trúnaðarlæknir snúa sér til lýtalæknisins.

Þá liggur fyrir vottorð D geðlæknis, dags. 26. janúar 2021. Fram kemur að stefnandi, sem hafi verið skjólstæðingur læknisins allt frá árinu 2017, hafi fæðst sem kona en upplifað sig í röngum líkama frá kynþroska. Stefnandi hafi verið í samskiptum við svokallað transteymi Landspítalans. Hann hafi fengið hormónameðferð með testósteroni samkvæmt ráðleggingum innkirtlalækna. Nokkru síðar hafi stefnandi farið í brjóstnámsaðgerð hjá fyrrgreindum lýtalækni. Vegna vandamála sem upp hafi komið í aðgerðinni hafi stefnandi verið frá vinnu um nokkurt skeið í kjölfarið. Síðar segir í vottorðinu að brjóstnám sé óaðskiljanlegur hluti transferlis stefnanda, rétt eins og hormónameðferð, greining og viðtöl. Loks kemur fram að læknirinn staðfesti að veikindaförföll stefnanda hafi verið vegna fyrrgreinds brjóstnáms og fylgikvilla eftir það, sem séu óaðskiljanlegur hluti transmeðferðar hans. Þessi meðferð sé að mestu leyti greidd af Sjúkratryggingum Íslands, enda um staðfestan sjúkdóm að ræða sem falli undir ákveðin greiningarviðmið og hafi sjúkdómsnúmerið F64.0 í greiningarkerfum geðlækninga.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrir dómi stefnandi, E, stjórnarformaður stefnda, C lýtalæknir og D geðlæknir.

II

Stefnandi byggir dómkröfu sína á ráðningarsambandi málsaðila. Stefnandi hafi verið óvinnufær frá 4. febrúar 2020 til og með 4. apríl sama ár. Þrátt fyrir að stefnandi hafi skilað inn læknisvottorði hafi hann ekki fengið greidd laun í veikindum í samræmi við grein 8.2.2 í kjarasamningi milli VR og Samtaka atvinnulífsins sem gildi frá 1. apríl 2019 til 1. nóvember 2022, en eftir eitt ár í starfi sé veikindaréttur tveir mánuðir. Umsamið kaup stefnanda hafi numið 1.825,97 krónum í dagvinnu og 2.556,27 krónum í eftirvinnu. Gerð sé krafa um meðaltal launa vegna veikinda fyrir tímabilið febrúar og mars 2020 eða að meðaltali 18 dagvinnutíma hvern mánuð að fjárhæð 32.867 krónur og 72,25 eftirvinnutíma hvern mánuð að fjárhæð 184.691 krónur hvern mánuð. Alls sé því gerð krafa að fjárhæð 217.558 krónur hvern mánuð auk 10,17% orlofs að fjárhæð 22.126 krónur hvern mánuð eða alls að fjárhæð 479.368 krónur.

Krafan sundurliðist með eftirfarandi hætti:

Vangoldin laun í febrúar 2020	kr. 217.558,-
Orlof 10,17% á laun í febrúar 2020	kr. 22.126,-
Vangoldin laun í mars 2020	kr. 217.558,-
Orlof 10,17% á laun í mars 2020	kr. 22.126,-
Höfuðstóll	kr. 479.368,-
Samtals	kr. 479.368,-

Samkvæmt grein 1.9 í fyrrnefndum kjarasamningi eigi laun að greiðast fyrsta dag eftir að mánuði þeim lýkur sem laun séu greidd fyrir. Að auki skuli vinnuveitandi greiða áunnið orlof til launþega við lok ráðningarsambands samkvæmt 8. gr. laga nr. 30/1987 um orlof.

III

Stefndi byggir á því að stefnandi hafi ekki verið óvinnufær vegna sjúkdóms í skilningi laga og kjarasamninga á tímabilinu 4. febrúar 2020 til og með 4. apríl sama ár. Enn fremur hafi lýtaaðgerð stefnanda ekki verið aðkallandi og nauðsynleg til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt sé að leiði til óvinnufærni. Sönnunarbyrði um óvinnufærni hvíli á stefnanda.

Hvorki í læknisvottorði fyrrgreinds lýtalæknis né í öðrum gögnum málsins sé upplýst hvaða sjúkdómur hafi orsakað óvinnufærni stefnanda. Vottorðinu sé mótmælt sem þýðingarlausu og óstaðfestu um óvinnufærni stefnanda vegna sjúkdóms. Enn fremur liggi ekki fyrir læknisfræðilegt mat á því að aðgerð sú, sem stefnandi hafi farið í, hafi verið nauðsynleg og aðkallandi á þeim tíma sem stefnandi hafi valið að fara í meðferðina, þ.e. á uppsagnarfresti sínum.

Því sé ekki mótmælt af hálfu stefnda að stefnandi hafi ekki getað sinnt starfi sínu á tímabilinu 4. febrúar til og með 4. apríl sama ár. Hins vegar stafi þær fjarvistir ekki af sjúkdómi heldur lýtaaðgerð sem stefnandi hafi sjálfur ákveðið að gangast undir á uppsagnarfresti.

Greiðsluskyld forföll geti stafað af lækniáðgerðum sem læknir staðfesti að nauðsynlegar séu, þótt starfsmaður hafi ekki verið óvinnufær við upphaf meðferðar. Við mat á því hvort atvinnurekanda beri skylda til að greiða veikindalaun vegna slíkra aðgerða þurfi að taka mið af því hvort aðgerð sú sem framkvæmd hafi verið sé valkvæð eða læknisfræðilega knýjandi. Óumdeilt sé að valkvæðar aðgerðir eins og lýta- og fegrunaraðgerðir, hefðbundnar tannviðgerðir og frjósemis-/eða ófrjósemisaðgerðir skapi almennt ekki rétt til veikindalauna.

Stefnandi byggir hvorki málatilbúnað sinn á, né hafi sýnt fram á, að umrædd lýtaaðgerð hafi verið nauðsynleg eða aðkallandi til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt hafi verið að leiddi til óvinnufærni eins og kveðið sé á um í bókun um óvinnufærni vegna veikinda frá árinu 2000 við fyrrnefndan kjarasamning.

Vegna varakröfu vísi stefnandi til sömu málsástæðna og lagaraka og fyrir sýknukröfu sinni. Ljóst sé að stefnandi hafi verið upplýstur um að veikindareglur hafi ekki gilt um fjarvistir vegna lýtaaðgerða þegar hann hafi ákveðið að fara í aðgerðina og yrði hann því tekjulaus. Stefnandi hafi ekki mætt til starfa eftir að leyfi hans lauk, eins og um hefði verið samið, og því virt að vettugi gagnkvæman uppsagnarfrest frá 5. apríl til loka uppsagnarfrests. Stefnandi hafi því gerst sekur um brotthlaup og sé bótaskyldur vegna þess með stoð í hjúalögum nr. 22/1928. Þá sé ósannað að stefnandi hefði ekki getað takmarkað tjón sitt með styrk frá sjúkrasjóði stéttarfélags síns eða opinberum sjúkratryggingum sem bæta launamönnum oft tekjutap í þeim tilvikum sem þeir eigi ekki rétt á veikindalaunum. Ekkert hafi verið upplýst hvort eða af hverju stefnandi hafi ekki sóst eftir slíkum styrk. Hafi stefnandi notið slíks styrks skuli hann einnig koma til frádráttar launakröfunni.

IV

Ágreiningslaust er að stefnandi hafði starfað nægilega lengi fyrir stefnda til að njóta almenns tveggja mánaða veikindaréttar samkvæmt gildandi kjarasamningi. Aðilar deila aftur á móti um það hvort stefnandi hafi í reynd talist óvinnufær á umræddu tímabili í skilningi kjarasamnings, þ.e. svokallaðrar „bókunar 2000 um óvinnufærni vegna veikinda“. Þar kemur meðal annars fram að aðilar kjarasamnings séu sammála um að auk veikinda og slysatilvika verði veikindaréttur samkvæmt samningnum virkur þurfi starfsmaður að gangast undir aðkallandi og nauðsynlega lækniáðgerð til að draga úr eða eyða afleiðingum sjúkdóms sem fyrirsjáanlegt sé að leiði til óvinnufærni. Því næst segir að þessi skilgreining feli ekki í sér breytingu á sjúkdómshugtaki vinnuréttar eins og það hafi verið túlkað af dómstólum.

Stefndi mótmælir því að sú málsástæða stefnanda, að fullnægt sé skilyrðum umræddrar bókunar, komist að í málinu þar sem hún sé of seint fram komin. Hvað þetta atriði varðar þá kom skýrt fram í stefnu að byggt væri á því að stefnandi hefði vegna starfa sinna öðlast rétt til greiðslu launa í veikindum sem leitt hefðu til óvinnufærni 4. febrúar 2020, sbr. einkum gildandi kjarasamning, og að þrátt fyrir það hefði stefnandi ekki fengið greidd laun meðan á veikindunum stóð. Að mati dómsins fellur hin umþrætta málsástæða stefnanda þar með innan þess málalíbúnaðar sem hann markaði málinu með stefnu. Auk þess fengi ekki staðist að gera þá kröfu til stefnanda að hann sæi fyrir allar málsástæður stefnda, svo sem þá að ástand stefnanda gæti, þrátt fyrir framlagt læknisvottorð um óvinnufærni, ekki talist sjúkdómur.

Stefndi byggir einnig á því að ósannað sé að stefnandi hafi verið haldinn sjúkdómi í skilningi læknisfræði eða vinnuréttar í aðdraganda umræddrar lækniáðgerðar. Að mati dómsins telst stefnandi hafa sýnt fram á það með fyrrgreindum vottorðum tveggja lækna og framburði þeirra fyrir dómi að hann hafi verið haldinn sjúkdómi í skilningi læknisfræðinnar í aðdraganda umræddrar áðgerðar. Nánar tiltekið er hér um að ræða sjúkdóminn „transsexualismus“, sem fellur undir greininguna F64.0. Við þessari niðurstöðu hrófla engan veginn gögn sem stefndi vísar til, svo sem um það að til standi að breyta greiningarkerfi sjúkdóma hér á landi á næsta ári, enda verður hér að miða við það ástand sem fyrir hendi var þegar umrædd áðgerð fór fram. Hið sama á við um þá málsástæðu stefnda að læknisvottorð C lýtalæknis skorti nægar upplýsingar, svo sem um það hvaða sjúkdómur hafi leitt til óvinnufærni stefnanda, enda liggur fyrir að stefndi kaus að nýta sér ekki boð læknisins, sem skilmerkilega kom fram í vottorðinu, um að trúnaðarlæknir stefnda gæti fengið nánari upplýsingar frá lækninum. Af framburði fyrirsvarsmanns stefnda fyrir dómi verður ráðið að félaginu barst vottorðið eigi síðar en um miðjan mars 2020. Stoðar stefnda því ekki að bera fyrir sig að þá hafi verið of seint að ganga eftir skýringum frá lækninum.

Að meginstefnu má gera ráð fyrir því að sjúkdómshugtak vinnuréttar sé sambærilegt skilgreiningum læknisfræðinnar. Aftur á móti leiðir dómaframkvæmd í ljós að á köflum er sjúkdómshugtak vinnuréttarins þrengra, svo sem varðandi áfengissýki, sbr. dóm Hæstaréttar 29. mars 1984 í máli nr. 109/1982. Hvað sem því líður þá liggur einnig fyrir dómaframkvæmd Hæstaréttar um það að andleg veikindi teljist almennt sjúkdómar í skilningi 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, sbr. dóm Hæstaréttar 27. október 2005 í máli nr. 207/2005 og dóm Hæstaréttar 4. október 2012 í máli nr. 116/2012. Að mati dómsins má hafa nokkra hliðsjón af þeim dómum við túlkun á sjúkdómshugtaki fyrrgreindrar bókunar frá árinu 2000, enda er orðalag bókunarinnar rýmra en lög nr. 35/1985 í þeim skilningi að í bókuninni er ekki gerður áskilnaður um að óvinnufærni sé fyrir hendi heldur einungis að fyrirsjáanlegt þurfi að vera að sjúkdómur muni leiða til óvinnufærni. Sjúkdómar sem falla undir 36. gr. laga nr. 35/1985 myndu þar með einnig falla undir sjúkdómshugtak umræddrar bókunar, að því gefnu að öðrum skilyrðum bókunarinnar væri fullnægt. Að þessu virtu og að teknu tilliti til fyrirliggjandi vottorðs D geðlæknis um sjúkdómshugtak á stefnanda telur dómurinn nægilega leitt í ljós að stefnandi hafi verið haldinn sjúkdómi í skilningi vinnuréttar.

Stefndi mótmælir því einnig að áðgerðin uppfylli það skilyrði fyrrgreindrar bókunar um að fyrirsjáanlegt sé að sjúkdómurinn sem um ræði leiði til óvinnufærni. Hvað þetta varðar svaraði C því aðspurður fyrir dómi að ef áðgerðin hefði ekki verið framkvæmd þá hefði stefnandi orðið óvinnufær. Vísaði læknirinn einnig um þetta mat sitt til rannsókna í læknisfræði. Undir sömu niðurstöðu tók D með afdráttarlausum hætti í framburði sínum. Ekkert í málalíbúnaði stefnda hnekkir þessu mati læknanna tveggja.

Stefndi mótmælir því loks að áðgerðin á stefnanda hafi verið aðkallandi og nauðsynleg í skilningi fyrrgreindrar bókunar. Að teknu tilliti til fyrirliggjandi vottorðs D og skýringa sem fram komu í framburði hans og C fyrir dómi verður ráðið að hér var ekki um hreina fegrunaráðgerð að ræða heldur nauðsynlega áðgerð sem var hornsteinninn í þeirri víðtæku meðferð sem stefnandi hefur undirgengist undanfarin misseri í svokölluðu transferli. Þá nefndi C að rannsóknir sýni að þeir sem þurfi á slíkri meðferð að halda upplifi bættu andlega líðan eftir meðferð. Þá dragi úr sjálfsvígstíðni í hópi þeirra auk þess sem samfélagsleg þátttaka aukist í kjölfar áðgerðar. Að öllu þessu virtu telst áðgerðin sem stefnandi undirgekkst aðkallandi og nauðsynleg, eins fljótt og kostur var, til að bregðast við áðurgreindu sjúkdómsástandi stefnanda, enda þótt hún hafi ekki verið bráðaáðgerð.

Að öllu framangreindu virtu telst skilyrðum framangreindrar bókunar við téðan kjarasamning fullnægt þannig að veikindaréttur stefnanda varð virkur umrætt sinn. Þá er ekki unnt að fallast á það með stefnda að stefnandi hafi orðið bótaskyldur vegna brotthlaups í kjölfar veikindanna. Þeirri kröfu stefnda var enda fyrst hreyft í greinargerð hans, þ.e. rúnum sjö mánuðum eftir að meint brotthlaup átti sér stað, en forsvarsmáður stefnda staðfesti fyrir dómi að hafa ekki sent stefnanda athugasemdir eða áskorun af þessu tilefni þegar stefnandi mætti ekki til starfa í byrjun apríl 2020. Raunar staðfesti fyrirsvaramaðurinn einnig að stefndi hefði fyrir málshöfðun stefnanda hvorki svarað bréfi frá stéttarfélagi stefnanda, dags. 10. júní 2020, né bréfi lögfræðings hans, dags. 23. sama mánaðar. Með vísan til tómlætis stefnda er það mat dómsins að hugsanleg krafa stefnda um bætur vegna ólögmeats brotthlaups sé því fallin niður.

Hvað varðar loks þá málsástæðu stefnda að stefnandi hefði átt að takmarka tjón sitt með styrk frá sjúkrasjóði eða opinberum sjúkratryggingum þá verður ekki fram hjá því litið að hér er um að ræða mál til innheimtu launa, sem byggist á ráðningarsambandi og kjarasamningi. Stefnandi krefst þannig í reynd rétttra efnda samkvæmt samningi en ekki skaðabóta úr hendi stefnda. Telst stefndi því ekki hafa fært haldbær rök fyrir því að dómkrafa stefnanda skuli sæta lækkun af þessum sökum.

Stefndi mótmælti upphaflega útreikningi og forsendum launakröfu stefnanda en við aðalmeðferð málsins lýstu lögmenn því yfir að enginn tölulegur ágreiningur væri uppi í málinu. Í samræmi við þetta verður krafa stefnanda tekin til greina og stefnda gert að greiða stefnanda 479.368 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 1. mars 2020 af 217.558 krónum til 1. apríl 2020 og frá þeim degi af 479.368 krónum til greiðsludags. Samkvæmt 12. gr. laga nr. 38/2001 skulu dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Því er óþarfi að kveða á um slíkt í dómsorði.

Með hliðsjón af þessum málsúrslitum, og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 950.000 krónur, að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Guðmundur B. Ólafsson lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Maj-Britt Briem lögmaður.

Arnaldur Hjartarson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, A ehf., greiði stefnanda, B, 479.368 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. mars 2020 af 217.558 krónum til 1. apríl 2020 og frá þeim degi af 479.368 krónum til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 950.000 krónur í málskostnað.